**Mál nr. 81/2013**
**M**
**og V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Nýbýlavegi við Skemmuveg 22. september 2012.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið 26. febrúar 2013 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 18. mars 2013.
3. Bréf V2 dags. 19. mars 2013, ásamt bréfi ökumanns B dags. 12. mars 2013.

**Málsatvik.**

Árekstur varð með bifreiðunum A og B á Nýbýlavegi þar sem þeim var báðum ekið í sömu átt. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekið á hægri akrein þegar óþekkt bifreið fyrir framan hægði ferð og M kveðst þá hafa hemlað. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi við það sveigt aðeins til vinstri þegar hann hemlaði. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir miðakrein þegar bifreiðinni A hafi skyndilega verið ekið inn á þá akrein og við það hafi árekstur orðið.

M segist ekki hafa farið yfir akreinalínu áður en árekstur varð og það sem haft sé eftir honum í upphaflegri lögregluskýrslu sé ekki alls kostar rétt. Hann vísar til síðari skýrslna sinna og telur að áreksturinn megi helst rekja til hraðaksturs ökumanns B auk þess sem sá hafi verið ölvaður við aksturinn og því sé ekki hægt að byggja á framburði hans.

V1og V2 telja að M beri alla sök á árekstrinum fyrir að sveigja í veg fyrir B og tekur ökumaður B undir þau sjónarmið.

**Álit.**

Í fyrirliggjandi sönnunargögnum kemur skýrt fram í frumskýrslu lögreglu að M, ökumaður A kveðst hafa ekið til vinstri þegar hann þurfti að hemla vegna bifreiðar sem á undan honum var. Í sömu mund hafi orðið árekstur við bifreið B sem hafi ekið í sömu átt á annarri akrein. Með þeim framburði eru yfirgnæfandi líkur á því að umrætt aksturslag hafi leitt til áreksturs við bifreið B sem ekið var á samhliða akrein. M ber sönnunarbyrði fyrir því að rangt hafi verið eftir honum honum haft í frumskýrslu og með vísan til gagna málsins telst M ekki hafa náð að sanna að áreksturinn sé rakinn til annars en að hann sjálfur hafi sveigt til vinstri og þannig ekið í veg fyrir bifreið B. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá vitnum eða önnur efnisleg sönnunargögn sem sýna fram á að árekstur sé hægt að rekja til aksturslags ökumanns B. M ber því alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

Öll sök á bifreið A.

Reykjavík 9. apríl 2013.

____________________________
Rúnar Guðmundsson hdl.

____________________________ ____________________________
Þóra Hallgrímsdóttir hdl. Sævar Þór Jónsson hdl.